

Fundargerð

Fundur var haldinn í stjórn Íslenskrar málnefndar í fundarherbergi Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Laugavegi 13, 4. hæð, þriðjudaginn 13. mars 2018 og hófst kl. 14.30. Fundinn sátu: Guðrún Kvaran formaður, Ármann Jakobsson varaformaður og Hilmar Hilmarsson. Steinunn Stefánsdóttir og Þröstur Helgason mættu ekki. Ágústa Þorbergsdóttir frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ritaði fundargerð.

1. Málræktarþing 2018

Málræktarþing 2018 verður haldið í fyrirlestrarsal Þjóðminjasafnsins fimmtudaginn 15. nóvember. Fyrirlestrarsalurinn hefur nú þegar verið pantaður.

Áhersluatriði í starfi málnefndarinnar í ár er áhrif fjölmeningarsamfélagsins á málið og viðbrögð við auknum ferðamannastraumi. Rætt var um þann möguleika að skipuleggja málþingið með einhverjum af þeim fulltrúum atvinnulífsins sem tóku þátt í fundinum í Safnahúsinu í janúar um stöðu íslenskrar tungu í samfélaginu. Einnig var rætt um hugsanlega fyrirlesara á málræktarþinginu og mörg nöfn komu upp. Ákveðið verður á aprílfundi nefndarinnar hvert verður endanlega leitað.

Ólafur Stephensen, framkvæmdastjóri félags atvinnurekenda, hefur sýnt áhuga á að halda málþing um stöðu íslenskunnar og óskað eftir að mega leita til Málnefndarinnar, ef af yrði.

2. Ályktun 2018

Hilmari Hilmarssyni var falið að skrifa drög að ályktun Íslenskrar málnefndar fyrir árið 2018. Ályktunin á að vera um áhersluatriði málnefndarinnar í ár, þ.e. áhrif fjölmeningarsamfélagsins á málið og aukinn ferðamannastraum til landsins.

3. Fundur með mennta- og menningarmálaráðherra

Óskað verður eftir fundi með mennta- og menningarmálaráðherra. Ákveðið var að taka með á fundinn minnispunkta til að afhenda ráðherra. Lagt var til að ræða á fundinum um áhersluatriði sem komið hafa fram í ályktunum málnefndarinnar, þ.e. tungan og netið og ritþjálfun ungmenna. Þessum ályktunum þarf að fylgja eftir og ræða við ráðherra um átaksverkefni þeim tengd. Reyna að fá aukið fjármagn í þessi verkefni. Þegar málstefnan var fimm ára ákvað Íslensk málnefnd að tímabært væri að meta stöðuna og huga að því hvað áunnist hefði. Tekin var saman greinargerð og send ráðuneytinu en engin viðbrögð bárust.

Rætt var um stöðu málnefndarinnar í lögum um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls frá 2011 og hvort málnefndin eigi að vera meira áberandi s.s. á samfélagsmiðlum eða í umræðum í samfélaginu. Er ástæða til að skoða stöðu og verkefni málnefndarinnar upp á nýtt? Æskilegt er að skipunartími málnefndarinnar miðist við áramót fremur en haust.

4. Málþingið í febrúar

Áhugi er á því að birta erindin sem flutt voru á málþinginu í febrúar á heimasíðu málnefndarinnar. Tvö erindi hafa þegar borist. Jafnframt er áhugi á að birta minnispunktana sem teknir voru saman við hringborðsumræðurnar eða rita grein um efni þeirra. Spurning hvort hægt er að gefa út rafrænt rit sem væri svipað Málfrægnum og birta þetta efni þar.

5. Viðbrögð við athugasemdum Íslenskrar málnefndar

Íslensk málnefnd sendi þremur ráðuneytum fyrir jól athugasemdir vegna Isavia. Málið er nú hjá Sigurði Inga Jóhannssyni samgönguráðherra en stjórn Isavia er undir fjármálaráðuneytinu.

6. Önnur mál

a) *Næsti fundur fullskipaðrar málnefndar*

Næsti fundur fullskipaðrar málnefndar verður haldinn 17. apríl.

b) *Þingið í Færeyjum*

Norræna málnefndarþingið verður haldið í Færeyjum 30. ágúst – 1. september. Efni málþingsins er „Sproget i de sociale medier“.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið kl. 16.30.

Guðrún Kvaran
sign.

Ágústa Þorbergsdóttir
Ssgn.